



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (aldursviðbót og launavísitala) FRN25010188.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	23. janúar 2025

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar segir að bundið verði í lög að aldursviðbót á lífeyri öryrkja haldist ævilangt og að ríkisstjórnin muni hækka örorku- og ellilífeyri á hverju ári til samræmis við hækkan launavísitölu en þó aldrei minna en verðlag.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að tryggja að þau sem voru ung metin með örorku og eiga engin eða mjög takmörkuð atvinnutengd réttindi til ellilífeyris muni áfram njóta stuðnings með því að aldursviðbót, uppfylli þau skilyrði fyrir henni, falli ekki niður á því tímamarki þegar örorkulífeyrisþegi nær ellilífeyrisaldri. Einnig á með fyrirhuguðum breytingum að tryggja að elli- og örorkulífeyrir hækki í samræmi við launavísitölu í staðinn fyrir að taka mið af launaþróun eins og nú er.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Samkvæmt gildandi lögum fellur aldursviðbót niður þegar öryrki sem hennar nýtur nær ellilífeyrisaldri og viðmið um hækkan elli- og örorkulífeyris í gildandi lögum er launaþróun en ekki launavísitala sem almennt er/hefur verið hærri.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Að bæta lífskjör og útrýma fátækt.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Meginmarkmið varðandi málefni öryrkja er að bætur og greiðslur stuðli að því að þau sem ekki hafa fulla getu til virkni á vinnumarkaði geti lifað innihaldsríku og sjálfstæðu lífi, geti framfleytt sér með tekjum sínum og njóti viðeigandi þjónustu og greiðslna eftir þörfum á mismunandi þjónustustigum. Meginmarkmið varðandi málefni aldraðra er að þeir aldraðir sem þess þurfa fái lífeyrisgreiðslur almannatrygginga og aðrar greiðslur sér til framfærslu. Með því móti verði stuðlað að því að aldraðir geti framfleytt sér og búið sem lengst á eigin heimili og lifað sjálfstæðu lífi.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Hagaðilar fengju ekki þann fjárhagslega stuðning sem mælt er fyrir um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Á ekki við því ekki er hægt að gera áformaðar breytingar nema með lagabreytingu.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Á ekki við.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.

Félags- og húsnæðimálaráðherra áformar að gera tvær breytingar á lögum um almannatryggingar:

1. Að öryrkjar fái greidda aldursviðbót með ellilífeyri uppfylli þeir skilyrði um greiðslu aldursviðbótar með örorkulífeyri.
2. Að bætur almannatrygginga taki mið af launavísitölu (áður launaþróun) þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Samkvæmt gildandi almannatryggingalögum greiðist aldursviðbót þeim sem fá greiddan örorkulífeyri og uppfylla skilyrði fyrir greiðslu aldursviðbótar. Í nýju örorkulífeyriskerfi, sem tekur gildi þann 1. september n.k., verður aldursviðbót greidd þeim örorkulífeyrisþegum sem hafa verulega skert tækifæri til að ávinna sér réttindi í lífeyrissjóðakerfinu. Þetta á einkum við um þá einstaklinga sem fæðast fatlaðir eða missa snemma á lífsleiðinni getu til virkni á vinnumarkaði. Ítrekað hefur verið á það bent að rök standi til þess að aldursviðbót falli ekki niður þegar örorkulífeyrisþegi nær ellilífeyrisaldri í almannatryggingum og lífeyrissjóðakerfi. Eftir það tímamark hafi hlutaðeigandi áfram þörf fyrir stuðning sem jafni stöðu hans gagnvart þeim sem taka út áunnin réttindi í lífeyrissjóðakerfinu og er þessi breyting lögð til til þess að tryggja það.

Núgildandi lög um almannatryggingar kveða á um að greiðslur almannatrygginga skuli breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Það hefur verið á forræði fjármála- og efnahagsráðuneytis að leggja mat á launaþróun. Launaþróun hefur verið metin út frá kjarasamningsbundnum hækkunum á meðan launavísitala tekur mið af tímakaupi reglulegra launa og hafa því fleiri þættir áhrif á hana eins og launaskrið og samningar um styttingu vinnutíma. Þessi breyting er áformuð til að tryggja að bætur í almannatryggingakerfinu hækki í samræmi við launavísitölu.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Í frumvarpi til breytinga á lögum um almannatryggingar verður lagt til að aldursviðbót haldi sér en falli ekki niður á því tímamarki þegar örorkulífeyrisþegi nær ellilífeyrisaldri. Það þýðir að þau sem eiga engin eða mjög takmörkuð atvinnutengd réttindi til ellilífeyris vegna þess að þau voru ung metin með örorku muni áfram njóta stuðnings með viðbótargreiðslu. Viðeigandi ákvæði verður bætt við ákvæði um aldursviðbót í lögum um almannatryggingar, sbr. einnig lög nr. 104/2024. Jafnframt verður lögð til breyting á 62. gr. laga um almannatryggingar þannig að orðið „launavísitala“ komi í stað orðsins „launaþróun“ í 2. ml. ákvæðisins.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Já.
2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei.
3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Breytingar á aldursviðbót gagnast öryrkjum sem uppfylla skilyrði aldursviðbótar þegar þeir færast yfir á ellilífeyri og breytingin yfir í tengingu við launavísitölu gagnast öllum sem fá greiðslur úr almannatryggingum.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Nei.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram.

Kveðið er á um fyrirhugaðar breytingar í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar.

4. Fyrirhugað samráð.

Samráð verður haft við helstu hagsmunaaðila og stofnanir og frumvarp verður sett í opið samráð í samráðsgátt stjórnvalda.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Nei.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Liggur ekki fyrir.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Nægilegt fjármagn.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

Liggur ekki fyrir

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Liggur ekki fyrir.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.